



Samstarfssamningur

Norðurþing (kt. 640169-5599) og Fuglastígur á Norðausturlandi (kt. 590310-1660) gera með sér svohljóðandi samning vegna styrkveitingar frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða fyrir árið 2021 varðandi verkefni nr. 21-0062, Aðgengi við Kaldbakstjarnir.

1. gr.

Styrkupp hæðin frá Framkvæmdasjóði Ferðamannastaða er kr. 11.500.000,- og skal henni varið til: Gerð bílastæðis, göngustígs fyrir hreyfihamlaða frá bílastæði að fuglaskoðunarskýli og lagfæring á slóða frá Þjóðvegi. Framkvæmdin er hluti af bættu aðgengi á ferðamannastöðum með áherslur á aðgengi fólks með skerta hreyfigetu.

2. gr.

Ábyrgðarmaður verkefnisins gagnvart Framkvæmdasjóðnum er Hermann Bárðarson fulltrúi Fuglastígs ásamt fulltrúum frá Norðurþingi sem sjá um verkefnastjórnun á verklegri framkvæmd.

3. gr.

Norðurþing tekur að sér stjórnun á verklegri framkvæmd verkefnisins með viðeigandi verktökum samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum sem fylgja þessum samningi. Fjárhagsleg umsýsla vegna verklegrar framkvæmdar verður hjá Norðurþingi sem sendir Fuglastíg reikning samkvæmt framvindu og fjárbörf í verkefnið.

4. gr.

Ákvörðun Norðurþings um að vera samstarfsaðili í umsókn til sjóðsins byggir á því að styrkfjárhæðin verði nýtt í verkefnið auk þess myndu aðilar þessa samkomulags skuldbinda sig til að leggja fram allt að 20% af heildarkostnaði verksins sem mótframlag á árinu 2021. Mótframlag Norðurþings verður í formi verkefnastjórnunar, fjárhagslegri umsýslu og samskipti við verktaka en einnig mun Norðurþing leggja til malarefni í vegslóða. Mótframlag Fuglastígs verður í formi samskipta við Framkvæmdasjóð, fulltrúa Norðurþings og verkefnastjórnunar í samvinnu við Norðurþing.



ing

AUT 7-9 640 HÚSAVÍK sími 464-6100 kt.-640169-5599

5. gr.

Norðurþing verður eigandi framkvæmdarinnar að verki loknu og ber ábyrgð á viðhaldi þegar þess er þörf og þegar fjárheimildir sveitarfélagsins leyfa.

Samkomulagið er gert í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki

Húsavík 28.06.2021

F.h. Norðurþings

F.h. Fuglastígs á Norðausturlandi

Ketill Gauti Árnason,
verkefnastjóri á framkvæmdasviði

Hermann Bárðarson